

Mál nr. 4/2009

Ár 2010, miðvikudaginn 28. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 4/2009:

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Siðanefnd var kjörin á aðalfundi félagsins í Maí 2009. Nokkru eftir kjör nefndarinnar barst siðanefnd afrit bréfs dagsetts 15. desember 2008 þar sem **X** (hér eftir kærandi) hefur uppi ásakanir um brot **Y** (hér eftir kærða) á grundvallarreglum félagsins. Málið var tekið fyrir á fyrsta fundi nefndarinnar þann 25. nóvember 2009. Þar sem ekki voru til málsmeðferðarreglur hjá siðanefnd tók nefndin þá ákvörðun að hefja málið á því að upplýsa kæranda um það nýja verklag að kæran ásamt fylgigögnum yrði send til umsagnar kærðu. Var það gert 27. desember 2009. Í framhaldi sendi kærandi viðbótargögn og var kærðu send kæran ásamt gögnum sem varð til þess að kærða sendi inn umsögn 14. janúar 2010. Kæranda var kynnt umsögnin. Þegar siðanefnd taldi allar upplýsingar fram komnar og öll sjónarmið komin fram voru aðilar boðaðir á sáttafund sem haldinn var 12. apríl 2010. Þar sem sættir tókust ekki milli aðila var málið tekið til úrlausnar hjá nefndinni.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að hún hafi keypt gallaðan hvolp og að ræktandinn hafi með afhendingu hvolpsins gerst brotlegur við grein 4.4. í grundvallarreglum félagsins. Eyrnastaða hvolpsins hafi ekki verið í lagi, hann hafi verið kviðslitinn. Þá hafi hann verið með gallaða tönn og ofnæmi. Eins telur kærandi kærðu hafa notað óhæfan hund til undaneldis enda sé hundurinn haldinn tanngalla auk þess hafi tanngallinn komið fram aftur en það ekki orðið til þess að ræktandinn hætti að nota hundinn til undaneldis. Þetta telur kærandi að varði við grein 2.3. í grundvallarreglum félagsins. Kærða mótmælir því að hafa selt gallaðan hvolp. Eyrnarstaða hvolpsins hafi engum dulist við afhendingu. Þá hafi kviðslitið fyrst komið í ljós þegar hvolpurinn var 16 mánaða gamall. Við afhendingu hafi fylgt heilsufarsbók án nokkurra athugasemda frá dýralækni. Í því sambandi bendir kærða á að hundurinn hafi síðar verið sýndur á sýningu HRFÍ þar sem hann hlaut einkunina „excellent“ sem þýði að hundurinn komist mjög nálægt staðli hundakynsins að gerð og byggingu, hann sé stórglæsilegur og af háum gæðum. Öllum ákúrum um not á óhæfum hundi vísar kærða á bug sem röngum og ósönnum.

III. Forsendur

Samkvæmt grein 4.4. í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ að:

„Láta ekki af hendi hvolp, sem á þeim tíma er afhendingin fer fram, er vitað að haldinn er sjúkdómi eða galla án þess að þess sé getið í kaupsamningi.“

Kemur til skoðunar hvort vitað hafi verið um þá sjúkdóma eða galla þá þegar hvolpurinn var afhentur. Tíkin fæddist 7. júlí 2007 og var afhent kæranda þá er hún var tæpra fjögurra mánaða þann 4. nóvember 2007. Aðilar eru sammála um að hvolpurinn hafi verið með lafandi eyru þá er hann var afhentur. Kærandi hefur eins upplýst siðanefnd að við afhendingu hafi hvorki verið vitað um tanngalla enda hafi það fyrst orðið ljóst þegar hvolpurinn fékk fullorðinstennur. Þá hafi hvolpurinn farið í ofnæmispróf þegar hann var átta mánaða eða fjórum mánuðum eftir að hann var afhentur. Kviðslit hafi ekki komið í ljós fyrr en í nóvember 2008 þá er tíkin var orðin sextán mánaða gömul. Siðanefnd telur að ekki hafi verið vitað um tanngalla, ofnæmi og kviðslit hvolpsins þá er hann var afhentur. Fallast verður á með kæranda að hvolpurinn reyndist síður en svo gallalaus enda margvísleg heilsufarsvandamál er hrjá tíkina. Þá er tanngallinn vel sýnilegur í dag og eyrnastaðan afleit. Áskilnaði um vitneskju við afhendingu var hins vegar ekki fullnægt og kemur það því ekki til frekari umfjöllunar hjá nefndinni. Kemur þá til álita hvort það teljist galli að eyrun voru lafandi þá er hvolpurinn var afhentur. Þar sem hvolpurinn var orðinn fjögurra mánaða þegar hann var afhentur verður að telja að litlar líkur hafi verið til þess að eyrnastaðan yrði sterk. Þetta hefði góður og gegn ræktandi átt að upplýsa um við sölu. Á hinn bóginn mátti kærandi gera sér grein fyrir að eyrun voru lafandi enda duldist það engum. Þá ræddu aðilar um ýmis ráð til að ná upp eyrum hvolpsins. Þegar tekið er tillit til alls framanritaðs og atvika í heild sinni telur siðanefnd ekki hægt að fullyrða að hvolpurinn hafi verið haldinn galla sem geta þurft um í kaupsamningi við afhendingu enda þótt ólíklegt verði að telja að eyrun kæmu upp síðar.

Í grundvallarreglum félagsins er félagsmanni sem notar hund sinn til ræktunar gert að vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ. Nota í hundaræktun aðeins viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Ennfremur ber félagsmanni samkvæmt grein 4.4. að:

„Nota aðeins til ræktunar hunda, sem eru bæði líkamlega og andlega heilbrigðir. Fara eftir gildandi reglum um erfðasjúkdóma, sem forðast þarf í ræktun sbr. reglur um skráningu í ættbók HRFÍ, kafli VI. reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr. Endurtaka ekki pörun þar sem fæðst hafa hvolpar með alvarlegan galla.“

Kærandi heldur því fram að faðir hvolpsins sé með arfgengan tanngalla sem lýsi sér þannig að önnur augntönnin í efri góm kemur skökk niður svo að tönnin í neðri góm viku og stendur útúr munninum. Bendir kærandi á einn annan hvolp auk hvolpsins er hún sjálf festi kaup á. Er það álit kæranda að kærða hafi ekki mátt endurtaka pörun þar sem fæðst hafi hvolpar með alvarlegan galla. Það hafi hún engu að síður gert og þannig orðið brotleg við grundvallarreglur félagsins. Á fundi siðanefndar upplýstu aðilar og voru sammála um að tanngalli hefði gert vart við sig í tveimur hvolpum af sautján afkvæmum hundsins. Er ekkert komið fram um að hundurinn sé ekki líkamlega og andlega heilbrigður. Upplýst er að hann hefur verið sýndur á sýningum HRFÍ með ágætum árangri. Enda þótt fallast megi á að hvolpurinn sem kærandi festi kaup á hafi verið haldinn galla þá telur siðanefnd ekki um að ræða alvarlegan galla þannig að bannað sé að endurtaka pörun. Er þá haft í huga að fimmtán afkvæmi hafa fæðst án vandkvæða.

Til samræmis við framangreint er ekki hægt að fallast á að kærða hafi við sölu hvolpsins til kæranda gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins. Þá telst kærða ekki brotleg þótt hún hafi notað rakkan eftir að tannskekka kom í ljós í tveimur afkvæmum enda þótt tannskekka teljist galli.

IV. Niðurstaða

Kærða telst ekki hafa gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ.

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir